

VIÐAUKI I

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

Lyfið er ekki lengur með markaðsleyfi

1. HEITI LYFS

Prepandrix dreifa og fleyti fyrir stungulyf, fleyti.

Bóluefni gegn influensu sem getur orðið að heimsfaraldri (prepandemic) (H5N1) (klofin veiruoð, deydd, ónæmisglætt)

2. INNIHALDSLÝSING

Eftir blöndun inniheldur 1 skammtur (0,5 ml):

Klofna influensuveiru, deydda, sem inniheldur mótefnavaka* sem jafngildir:

A/Indónesía/05/2005 (H5N1)-líkum stofni sem notaður er (PR8-IBCDC-RG2) 3,75 míkróg**

* ræktuð í eggjum

** hemagglútínín (HA)

AS03-ónæmisglæðir samanstendur af skvaleni (10,69 mg), DL- α -tókóferóli (11,86 mg) og pólýsorbati 80 (4,86 mg).

Hettuglösín með dreifunni og fleytinu mynda fjölskammta ílát eftir blöndun. Sjá kafla 6.5 varðandi fjölda skammta í hverju hettuglasi.

Hjálparefni með þekkta verkun

Bóluefnið inniheldur 5 míkróg af tíómersali (sjá kafla 4.4).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Dreifa og fleyti fyrir stungulyf, fleyti.

Dreifan er litlaus, ljós, ópallýsandi vökvi.

Fleytið er hvít- til gulleitur, einsleitur mjólkurkenndur vökvi.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Virk ónæmisaðgerð gegn H5N1-undirflokki influensuveiru A.

Ábendingin er byggð á gögnum varðandi ónæmingargetu hjá heilbrigðum einstaklingum frá 18 ára aldri eftir gjöf tveggja skammta af bóluefni sem búið var til með stofnum í undirflokki H5N1 (sjá kafla 5.1).

Prepandrix skal nota samkvæmt opinberum leiðbeiningum.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Fullorðnir frá 18 ára að aldri:

Einn 0,5 ml skammtur á völdum degi.

Annan 0,5 ml skammt skal gefa þegar a.m.k. þrjár vikur eða allt að tólf mánuðir eru liðnir frá því að fyrri skammturinn var gefinn, til að ná hámarksverkun.

Sérstakir hópar:

Samkvæmt mjög takmörkuðum upplýsingum gætu fullorðnir eldri en 80 ára þurft að fá tvöfaldan skammt af Pandemrix á völdum degi og aftur að a.m.k. þremur vikum liðnum til að ná fram ónæmissvörun (sjá kafla 5.1)

Heil bólusetningarlota með Prepandrix samanstendur af tveimur skömmtum. Ef opinberlega er lýst yfir heimsfaraldri influensu, geta einstaklingar sem áður hafa verið bólusettir með einum eða tveimur skömmtum af Prepandrix sem innihélt HA-mótefnavaka frá annarri grein (clade) sama undirflokks influensu og influensuveiran sem veldur heimsfaraldri hins vegar fengið einn skammt af Adjupanrix í stað tveggja skammta sem nauðsynlegir eru hjá einstaklingum sem ekki hafa verið bólusettir áður.

Börn

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun Prepandrix hjá börnum yngri en 3 ára og börnum og unglingum á aldrinum 10 til 17 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Mjög takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og ónæmingargetu við gjöf á AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem inniheldur 3,75 míkrogr HA úr A/Vietnam/1194/2004 (H5N1) og við gjöf á hálfum skammti af bóluefninu (þ.e. 1,875 míkrogr HA og hálfu magni af AS03-ónæmisglæði) á dögum 0 og 21 hjá börnum á aldrinum 3 til 9 ára. Sjá kafla 4.4, 4.8 og 5.1

Lyfjagiöf

Ónæmisaðgerð skal gerð með inndælingu í vöðva, helst í axlarvöðva eða í framanverða hlið á læri (háð vöðvamassa).

Ef gefa skal tvöfaldan skammt skal sprauta í sinn hvorn útlíminn.

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Saga um bráðaofnæmi (þ.e. lífshættulegt) af völdum einhvers innihaldsefnanna eða efnaleifa (eggja- og kjúklingapróteinum, eggjahvítu, formaldehýði, gentamísínsúlfati og natríumdeoxýkólati) í þessu bóluefni. Sjá kafla 4.4, 4.8 og 6.1

Ónæmisaðgerð skal fresta hjá einstaklingum sem eru alvarlega veikir með hita eða með bráða sýkingu.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Gæta skal varúðar þegar bóluefnið er gefið einstaklingum með þekkt ofnæmi (annað en bráðaofnæmi) fyrir virka efninu, einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1, tíómersali eða efnaleifum (eggja- og kjúklingapróteinum, eggjahvítu, formaldehýði, gentamísínsúlfati og natríumdeoxýkólati).

Eins og á við um öll bóluefni til inndælingar, skal viðeigandi læknishjálp ávallt vera til staðar ef mjög sjaldgæf bráðaofnæmisviðbrögð koma fram eftir gjöf bóluefnisins.

Prepandrix skal ekki undir neinum kringumstæðum gefið í æð.

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun Prepandrix undir húð. Heilbrigðisstarfsfólk þarf því að meta ávinning og hugsanlega áhættu við gjöf lyfsins hjá einstaklingum með blóðflagnafæð eða einhvern blæðingakvilla sem mæla gegn inndælingu í vöðva, nema mögulegur ávinningur vegi þyngra en hættan á blæðingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um gjöf AS03-ónæmisglæddra bóluefna fyrir eða á eftir öðrum tegundum af influensubóluefni sem ætlaðar eru til notkunar fyrir eða í heimsfaraldri.

Mótefnasvörun hjá sjúklingum með skerta ónæmisbælingu vegna sjúkdóms eða lyfjameðferðar getur verið ófullnægjandi.

Ekki er víst að verndandi ónæmissvörun náist hjá öllum sem eru bólusettir (sjá kafla 5.1).

Einstaklingar geta fallið í yfirlið eftir eða jafnvel fyrir hvers konar bólusetningu, vegna sálrænna viðbragða við sprautustungunni. Þessu geta fylgt nokkur taugafræðileg einkenni, svo sem tímabundnar sjóntruflanir, náladoði og þankippahreyfingar í útlimum, á meðan einstaklingurinn jafnar sig. Mikilvægt er að viðbragðsáætlun sé til staðar til að koma í veg fyrir slys vegna yfirliða.

Faraldsfræðirannsóknir í tengslum við annað AS03-ónæmisglætt bóluefni (Pandemrix H1N1, sem framleitt er á sama framleiðslustað og Prepandrix), í nokkrum Evrópulöndum benda til aukinnar hættu á drómasýki, með eða án máttleysiskasta (cataplexy), hjá bólusettum borið saman við óbólusetta einstaklinga. Hjá börnum/unglingum (allt að 20 ára) benda þessar rannsóknir til 1,4 til 8 viðbótartilvika hjá 100.000 bólusettum einstaklingum. Fyrirliggjandi faraldsfræðilegar upplýsingar fengnar hjá fullorðnum einstaklingum eldri en 20 ára benda til u.þ.b. 1 viðbótartilviks á hverja 100.000 bólusetta einstaklinga. Þessar upplýsingar benda til að þessi viðbótaráhætta hafi tilhneigingu til að minnka með hækkandi aldri við bólusetningu. Sem stendur er ekkert sem sýnir fram á að Prepandrix tengist hættu á drómasýki.

Börn

Klínískar upplýsingar um börn yngri en 6 ára sem fengu tvo skammta af viðbragðsbóluefni gegn heimsfaraldri (pandemic preparedness vaccine) eða gegn influensu sem smitast frá dýrum (H5N1), benda til aukinnar tíðni hita ($\geq 38^{\circ}\text{C}$ í holhönd) eftir gjöf seinni skammtisins. Því er ráðlagt að fylgjast með líkamshita og gera ráðstafanir til að lækka hita (t.d. hitaþekkandi lyf eftir því sem þörf er talin á) hjá ungum börnum (t.d. upp að u.þ.b. 6 ára aldri) eftir bólusetningu.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir um gjöf Prepandrix samhliða öðrum bóluefnum. Ef samhliða gjöf annars bóluefnis er íhuguð skulu bóluefnin gefin í sinn útlíminn hvort. Hafa skal í huga að aukaverkanir geta orðið verri.

Ónæmissvörun getur orðið minni ef sjúklingurinn er á ónæmisbælandi meðferð.

Eftir influensubólusetningu geta fölsk-jákvæð svör komið fram í sermisprófum með ELISA-aðferðinni til að mæla mótefni gegn alnæmisveiru-1 hjá mönnum (HIV-1), lifrabólguveiru C og einkum HTLV-1. Í slíkum tilvikum er Western blot-aðferðin neikvæð. Þessar skammvinnu fölsku, jákvæðu niðurstöður geta verið vegna IgM-framleiðslu sem svörun við bóluefninu.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Enn liggja engar upplýsingar fyrir um notkun Prepandrix á meðgöngu.

Bóluefni sem inniheldur AS03-ónæmisglæði, sem inniheldur HA úr H1N1v, hefur verið gefið konum á öllum þriðjungum meðgöngu. Upplýsingar um niðurstöður, frá að því að talið er yfir 200.000 konum sem hafa verið bólusettar á meðgöngu, eru takmarkaðar sem stendur. Engar vísbendingar komu fram um aukna hættu á aukaverkunum í yfir 100 meðgöngum sem fylgst var með í framskyggnri klínískri rannsókn.

Dýrarannsóknir, með notkun Prepandrix sem inniheldur A/Víetnam/1194/2004, benda ekki til eiturvekana á æxlun (sjá kafla 5.3).

Niðurstöður frá barnshafandi konum sem bólusettar hafa verið með mismunandi árstíðabundnum bóluefnum, sem innihalda deyddar veirur en ekki ónæmisglæði, benda ekki til vanskapana eða eiturverkana á fóstur eða nýbura.

Íhuga má notkun Prepandrix á meðgöngu ef hún er talin nauðsynleg með hliðsjón af opinberum ráðleggingum.

Brjóstagjöf

Nota má Prepandrix hjá konum með barn á brjósti.

Frjósemi

Engar upplýsingar um frjósemi liggja fyrir.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Sum áhrifin sem nefnd eru í kafla 4.8 „Aukaverkanir“ gætu haft áhrif á hæfni til aksturs og stjórnunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggisupplýsingum

Tíðni aukaverkana hefur verið metin í klínískum rannsóknum þar u.þ.b. 5.000 einstaklingum 18 ára og eldri, sem fengu Prepandrix sem innihélt a.m.k. 3,75 míkrog HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1)-stofni.

Hjá fullorðnum 18 til 60 ára voru algengustu aukaverkanirnar, sem greint var frá eftir bólusetningu, verkur á stungustað (76,6%), vöðvaverkir (46,8%), þreyta (43,6%), höfuðverkur (25,3%) og liðverkir (13,5%).

Hjá einstaklingum > 60 ára var algengasta aukaverkunin, sem greint var frá eftir bólusetningu, verkur á stungustað (32,6%).

Í klínískum rannsóknum þar sem einstaklingar (N=201) fengu Prepandrix sem innihélt 3,75 míkrog HA/AS03 úr A/Indónesía/05/2005 (H5N1), var tíðni og tegund aukaverkana svipuð og greint er frá hér á eftir.

Listi yfir aukaverkanir

Aukaverkanir sem greint var frá eru skráðar í eftirfarandi tíðniflokkum:

Tíðnin er skilgreind á eftirfarandi hátt:

Mjög algengar ($\geq 1/10$)

Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)

Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)

Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)

Koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$)

Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Blóð og eitlar

Algengar: Eitlastækkarir.

Geðræn vandamál

Sjaldgæfar: Svefnleysi.

Taugakerfi

Mjög algengar: Höfuðverkur.

Sjaldgæfar: Náladofi, svefnhöfði, sundl.

Meltingarfæri

Sjaldgæfar: Einkenni frá meltingarvegi (svo sem niðurgangur, uppköst, kviðverkir, ógleði).

Húð og undirhúð

Algengar: Flekkblæðing á stungustað, aukin svitamyndun.

Sjaldgæfar: Kláði, útbrot.

Stoðkerfi og stoðvefur

Mjög algengar: Liðverkir, vöðvaverkir.

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað

Mjög algengar: Herslismyndun, bólga, verkur og roði á stungustað, hiti, þreyta.

Algengar: Skjálfti, flensulík veikindi, viðbrögð á stungustað (s.s. hiti, kláði).

Sjaldgæfar: Lasleiki.

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun Prepandrix eftir markaðssetningu.

Eftir markaðssetningu AS03-ónæmisglæddra bóluefna sem innihalda 3,75 míkrog HA úr A/California/7/2009 (H1N1) hafa eftirtaldar aukaverkanir verið skráðar:

Ónæmiskerfi

Bráðaofnæmi, ofnæmisviðbrögð.

Taugakerfi

Hitakrampar

Húð og undirhúð

Ofsabjúgur, útbreidd viðbrögð í húð, ofsaklári.

Eftir markaðssetningu þriggdra bóluefna, sem ekki eru af heimsfaraldursstofni, hafa auk þess eftirtaldar aukaverkanir verið skráðar:

Mjög sjaldgæfar:

Taugaverkir, tímabundin blóðflagnafæð.

Koma örsjaldan fyrir:

Æðabólga sem tímabundið tekur til nýrna.

Taugasjúkdómar, svo sem heila- og mænubólga, taugabólga og Guillain Barré-heilkenni.

Börn

Í klínískri rannsókn (D-H5N1-009) var lagt mat á hversu miklum aukaverkunum bóluefnið getur valdið, hjá börnum á aldrinum 3 til 5 ára og 6 til 9 ára sem fengu annað hvort tvo fullorðinsskammta (þ.e. 0,5 ml) eða tvo hálfa fullorðinsskammta (þ.e. 0,25 ml) af viðbragðsbóluefni gegn heimsfaraldri (H5N1 A/Vietnam/1194/2004 framleitt í Dresden, Þýskalandi) (með 21 dags millibili).

Munur á tíðni staðbundinna og almennra aukaverkana, eftir því hvort um var að ræða hálfa fullorðinsskammt eða fullorðinsskammt, kom fram eftir hvern skammt. Aukaverkanir jukust ekki við gjöf seinni hálfa fullorðinsskammtsins eða fullorðinsskammtsins, að undanskilinni tíðni almennra einkenna, sem jókst eftir seinni skammtinn, einkum tíðni hita hjá börnum <6 ára. Tíðni aukaverkana á hvern skammt var eftirfarandi:

Aukaverkanir	3-5 ára		6-9 ára	
	Hálfur skammtur	Heill skammtur	Hálfur skammtur	Heill skammtur
Herslismyndun	9,9%	18,6%	12,0%	12,2%
Verkur	48,5%	62,9%	68,0%	73,5%
Roði	10,9%	19,6%	13,0%	6,1%
Bólga	11,9%	24,7%	14,0%	20,4%
Hiti (>38°C)	4,0%	11,3%	2,0%	17,3%
Hiti (>39°C)				
- tíðni á skammt	2,0%	5,2%	0%	7,1%
- tíðni á einstakling	3,9%	10,2%	0%	14,3%
Sljóleiki	7,9%	13,4%	NA	NA
Pírringur	7,9%	18,6%	NA	NA
Lystarleysi	6,9%	16,5%	NA	NA
Skjálfti	1,0%	12,4%	4,0%	14,3%

NA=not available=liggur ekki fyrir

Í öðrum klínískum rannsóknum þar sem börnum 6 mánaða til 17 ára var gefið Prepandrix, reyndist tíðni sumra aukaverkana (þ.m.t. verkur á stungustað, roði og hiti) hærri eftir seinni skammtinn hjá börnum yngri en 6 ára.

Lyfið inniheldur tíómersal (lífrænt kvikasílfursamband) sem rotvarnarefni og því er hugsanlegt að næmingarviðbrögð (sensitisation reactions) komi fram (sjá kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu
Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hversu landi fyrir sig, sjá Appendix V.

4.9 Ofskömmun

Engar upplýsingar liggja fyrir um ofskömmun.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Inflúensubóluefni, ATC-flokkur: J07BB02

Lyfhrif

Ónæmissvörun við A/Indónesía/05/2005 (H5N1)

Í klínískri rannsókn (Q-Pan-H5N1-001) þar sem 140 einstaklingum á aldrinum 18-60 ára voru gefnir tveir skammtar af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkrogr HA úr A/Indónesía/05/2005, á degi 0 og 21, kom fram eftirfarandi HA-mótefnasvörun:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Indónesía/05/2005		
	Dagur 21 N=140	Dagur 42 N=140	Dagur 180 N=138
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	45,7%	96,4%	49,3%
Hlutfall mótefnasvörunar ²	45,7%	96,4%	48,6%
Mótefnasvörunarstuðull ³	4,7	95,3	5,2

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq 1:40$;

²hlutfall mótefnasvörunar: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir bólusetningu og hafa verndandi ónæmistítur sem er $\geq 1:40$ eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir bólusetningu og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³mótefnasvörunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastyrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir bólusetningu.

Fjórföld aukning í títra hlutleysandi mótefna í sermi greindist hjá 79,2% einstaklinga tuttugu og einum degi eftir fyrsta skammtinn, 95,8%, tuttugu og einum degi eftir seinni skammtinn og 87,5% sex mánuðum eftir seinni skammtinn.

Í annarri rannsókn fengu 49 einstaklingar á aldrinum 18-60 ára tvo skammta af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkrog HA úr A/Indónesía/05/2005, á degi 0 og 21. Á degi 42 var HA-mótefnasvörunin 98%, allir einstaklingar höfðu ónæmissvörun og mótefnasvörunarstuðullinn var 88,6. Að auki höfðu allir einstaklingar hlutleysandi mótefnatítur sem var a.m.k. 1:80.

Gjöf AS03-ónæmisglædds bóluefnis sem inniheldur 3,75 míkrog HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1)

Börn

Í klínískri rannsókn (D-Pan-H5N1-009) fengu börn á aldrinum 3 til 5 ára og 6 til 9 ára tvo skammta, annað hvort heila (0,5 ml) eða hálfa (0,25 ml), af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkrog HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1) á dögum 0 og 21. Á degi 42 kom fram eftirfarandi HA-mótefnasvörun:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004			
	3 til 5 ára		6 til 9 ára	
	Hálfur skammtur N=49	Heill skammtur N=44	Hálfur skammtur N=43	Heill skammtur N=43
Hlutfall ónæmis-svörunar ¹	95,9%	100%	100%	100%
Hlutfall mótefna-svörunar ²	95,9%	100%	100%	100%
Mótefna-svörunar-stuðull ³	78,5	191,3	108,1	176,7

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq 1:40$;

²hlutfall mótefnasvörunar: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir bólusetningu og hafa verndandi ónæmistítur sem er $\geq 1:40$ eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir bólusetningu og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³mótefnasvörunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastyrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir bólusetningu.

Klínísk þýðing þess að títri hemagglútínínhindrunar (HI) er $\geq 1:40$ hjá börnum er óþekkt.

Þátttakendum í D-Pan-H5N1-009 var fylgt eftir varðandi endingu ónæmissvörunar. Hlutfall ónæmissvörunar 6, 12 og 24 mánuðum eftir bólusetningu var eftirfarandi:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004 3-5 ára					
	6 mánuðum eftir bólusetningu		12 mánuðum eftir bólusetningu		24 mánuðum eftir bólusetningu	
	Hálfur skammtur (N=50)	Heill skammtur (N=29)	Hálfur skammtur (N=47)	Heill skammtur (N=27)	Hálfur skammtur (N=27)	Heill skammtur (N=26)
Hlutfall ónæmis- svörunar ¹	56,0%	82,8%	38,3%	48,1%	38,3%	73,1%

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004 6-9 ára					
	6 mánuðum eftir bólusetningu		12 mánuðum eftir bólusetningu		24 mánuðum eftir bólusetningu	
	Hálfur skammtur (N=44)	Heill skammtur (N=41)	Hálfur skammtur (N=37)	Heill skammtur (N=35)	Hálfur skammtur (N=37)	Heill skammtur (N=34)
Hlutfall ónæmis- svörunar ¹	63,6%	78,0%	24,3%	62,9%	24,3%	67,6%

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40

Á degi 42 og eftir 6, 12, og 24 mánuði var hlutleysandi mótefnasvörun eftirfarandi:

Hlutleysandi mótefni í sermi	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004					
	3 til 5 ára					
	21 degi eftir 2. skammt		6 mán. eftir bólusetningu	12 mán. eftir bólusetningu	24 mán. eftir bólusetningu	
	Hálfur skammtur N=47	Heill skammtur N=42	Hálfur skammtur N=49	Hálfur skammtur N=47	Hálfur skammtur N=47	
GMT ¹	1044,4	4578,3	781,2	238,9	302,5	
Hlutfall mótefnasvörunar ²	95,6%	97,4%	87,2%	82,2%	80,0%	
$\geq 1:80$ ³	100%	100%	100%	93,6%	95,7%	

¹Geometric Mean Titre = meðaltalsmótefnastyrkur

²4-föld aukning á títra hlutleysandi mótefna

³% einstaklinga sem höfðu títra hlutleysandi mótefna upp á að minnsta kosti 1:80

Hlutleysandi mótefni í sermi	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004					
	6 til 9 ára					
	21 degi eftir 2. skammt		6 mán. eftir bólusetningu	12 mán. eftir bólusetningu	24 mán. eftir bólusetningu	
	Hálfur skammtur N=42	Heill skammtur N=42	Hálfur skammtur N=40	Hálfur skammtur N=36	Hálfur skammtur N=38	
GMT ¹	1155,1	3032,5	756,1	179,4	234,5	
Hlutfall mótefnasvörunar ²	100%	100%	95,0%	67,6%	63,9%	
$\geq 1:80$ ³	100%	100%	100%	86,1%	97,4%	

¹Geometric Mean Titre = meðaltalsmótefnastyrkur

²4-föld aukning á títra hlutleysandi mótefna

³% einstaklinga sem höfðu títra hlutleysandi mótefna upp á að minnsta kosti 1:80

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Prepandrix hjá einum eða fleiri undirhópum barna við influensu af völdum influensustofna, sem eru í bóluefninu eða eru skyldir stofnum sem eru í bóluefninu (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

Krossónæmissvörun framkölluð af AS03-ónæmisglæddu bóluefni, sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/05/2005 (H5N1)

HA-mótefnasvörun við A/Víetnam/1194/2004 eftir gjöf tveggja skammta af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/5/2005, á degi 0 og 21, hjá 140 einstaklingum á aldrinum 18-60 ára, var eftirfarandi:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004	
	Dagur 21 N=140	Dagur 42 N=140
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	15%	59,3%
Hlutfall mótefnasvörunar ²	12,1%	56,4%
Mótefnasvörunarstuðull ³	1,7	6,1

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq 1:40$;

²hlutfall mótefnasvörunar: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir bólusetningu og hafa verndandi ónæmistítur sem er $\geq 1:40$ eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir bólusetningu og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³mótefnasvörunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastyrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir bólusetningu.

Á degi 180 var hlutfall ónæmissvörunar 13%.

Fjórföld aukning í títra hlutleysandi mótefna í sermi gegn A/Víetnam greindist hjá 49% einstaklinga tuttugu og einum degi eftir fyrsta skammtinn, 67,3% tuttugu og einum degi eftir seinni skammtinn og 44,9% sex mánuðum eftir seinni skammtinn.

Krossónæmissvörun framkölluð af AS03-ónæmisglæddu bóluefni, sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1).

Hjá einstaklingunum á aldrinum 3 til 5 ára og 6 til 9 ára sem fengu tvo skammta, annað hvort heila eða hálfa skammta, af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1) var HA-mótefnasvörun gegn A/Indónesía/5/2005 á degi 42 eftirfarandi:

HA mótefni	Ónæmissvörun við A/Indónesía/5/2005			
	3 til 5 ára		6 til 9 ára	
	Hálfur skammtur N=49	Heill skammtur N=44	Hálfur skammtur N=43	Heill skammtur N=43
Hlutfall ónæmis-svörunar ¹	71,4%	95,5%	74,4%	79,1%
Hlutfall mótefna-svörunar ²	71,4%	95,5%	74,4%	79,1%
Mótefna-svörunar-stuðull ³	10,7	33,6	12,2	18,5

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq 1:40$;

²hlutfall mótefnasvörunar: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir bólusetningu og hafa verndandi ónæmistítur sem er $\geq 1:40$ eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir bólusetningu og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³mótefnasvörunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastyrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir bólusetningu.

Þátttakendum í D-Pan-H5N1-009 var fylgt eftir varðandi endingu ónæmissvörunarinnar. Ónæmissvörun eftir 6, 12 og 24 mánuðir var eftirfarandi:

HA mótefni	Ónæmissvörun við A/Indónesía/5/2005					
	3 til 5 ára					
	Mánuður 6		Mánuður 12		Mánuður 24	
	Hálfur skammtur N=49	Heill skammtur N=27	Hálfur skammtur N=47	Heill skammtur N=27	Hálfur skammtur N=47	Heill skammtur N=26
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	6,1%	70,4%	36,2%	44,4%	10,6%	53,8%

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40;

HA mótefni	Ónæmissvörun við A/Indónesía/5/2005					
	6 til 9 ára					
	Mánuður 6		Mánuður 12		Mánuður 24	
	Hálfur skammtur N=42	Heill skammtur N=34	Hálfur skammtur N=36	Heill skammtur N=35	Hálfur skammtur N=37	Heill skammtur N=34
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	4,8%	64,7%	19,4%	42,9%	10,8%	29,4%

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40;

Hjá þeim hópi barna sem fékk hálfan skammt af bóluefni, hélst enn fremur hátt hlutfall einstaklinga með títra hlutleysandi mótefna yfir 1:80 allt að 24 mánuðum eftir fyrri skammt. Hlutleysandi mótefnasvörun var eftirfarandi:

Hlutleysandi mótefni í sermi	Ónæmissvörun við A/Indónesía/5/2005							
	3 til 5 ára				6 til 9 ára			
	Dagur 42 N=46	Mánuður 6 N=48	Mánuður 12 N=47	Mánuður 24 N=47	Dagur 42 N=42	Mánuður 6 N=40	Mánuður 12 N=35	Mánuður 24 N=38
GMT ¹	331,4	242,1	177,7	188,5	412,1	208,4	128,1	146,0
Hlutfall mótefnasvörunar ²	95,6%	93,0%	97,9%	97,9%	97,2%	97,3%	94,4%	97,4%
$\geq$ 1:80 ³	75,6%	72,1%	85,1%	80,9%	88,9%	70,3%	86,1%	81,6%

¹Geometric Mean Titre = meðaltalsmótefnastykur

²% einstaklinga með títra $\geq$ 1:28

³% einstaklinga sem höfðu títra hlutleysandi mótefna upp á að minnsta kosti 1:80

Aðrar áætlanir

Í D-H5N1-012 rannsókninni var lengra bólusetningartímabil rannsakað, þar sem hópi einstaklinga 18-60 ára voru gefnir tveir skammtar af Prepandrix sem innihélt A/Víetnam/1194/2004-stofninn, með 6 mánaða eða 12 mánaða millibili. Tuttugu og einum degi eftir seinni skammtinn var hlutfall ónæmissvörunar 89,6% og svörunarhlutfall bóluefnisins 95,7% gegn A/Víetnam/1194/2004 hjá einstaklingum sem fengu bóluefnið með 6 mánaða millibili. Tuttugu og einum degi eftir seinni skammtinn var hlutfall ónæmissvörunar 92,0% og svörunarhlutfall bóluefnisins 100% hjá þeim sem fengu bóluefnið með 12 mánaða millibili.

Í þessari rannsókn kom einnig fram krossónæmissvörun gegn A/Indónesíu/5/2005. Tuttugu og einum degi eftir seinni skammtinn var hlutfall ónæmissvörunar 83,3% og svörunarhlutfall bóluefnisins 100% hjá þeim sem fengu bóluefnið með 6 mánaða millibili. Tuttugu og einum degi eftir seinni skammtinn var hlutfall ónæmissvörunar 84,0% og svörunarhlutfall bóluefnisins 100% hjá þeim sem fengu bóluefnið með 12 mánaða millibili.

Einn skammtur af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/5/2005 gefinn eftir gjöf eins eða tveggja skammta af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004.

Í klínískri rannsókn (D-Pan-H5N1-012) fengu einstaklingar á aldrinum 18-60 ára skammt af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA ýmist úr A/Víetnam/1194/2004 eða A/Indónesía/5/2005, sex mánuðum eftir að hafa fengið einn eða tvo hleðsluskammta af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004, á degi 0 eða degi 0 og 21. Svörunin gegn HA var eftirfarandi:

HA-mótefni	Við A/Víetnam 21 degi eftir örvun með A/Víetnam N=46		Við A/Indónesíu 21 degi eftir örvun með A/Indónesíu N=49	
	Eftir einn hleðsluskammt	Eftir tvo hleðsluskammta	Eftir einn hleðsluskammt	Eftir tvo hleðsluskammta
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	89,6%	91,3%	98,1%	93,9%
Hlutfall mótefnasvörunar örvunarskammts ²	87,5%	82,6%	98,1%	91,8%
Örvunarstuðull ³	29,2	11,3	55,3	45,6

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra nemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40;

²hlutfall mótefnasvörunar örvunarskammts: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir gjöf örvunarskammts og hafa verið ónæmistíttra sem er $\geq$ 1:40 eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir gjöf örvunarskammts og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³örvunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastítrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir gjöf örvunarskammts.

Óháð því hvort einn eða tveir hleðsluskammtar af bóluefni höfðu verið gefnir 6 mánuðum fyrr, var hlutfall mótefnasvörunar við A/Indónesíu > 80% eftir gjöf skammts af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004 og hlutfall ónæmissvörunar við A/Víetnam var > 90% eftir gjöf skammts af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/5/2005. Allir einstaklingar náðu títra hlutleysandi mótefna a.m.k. 1:80 gegn báðum stofnunum tveimur óháð tegund HA í bóluefninu og fyrri fjölda skammta.

Í annarri klínískri rannsókn (D-Pan-H5N1-015) fengu 39 einstaklingar á aldrinum 18-60 ára skammt af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/05/2005, fjórtán mánuðum eftir að hafa fengið tvo skammta af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004, á degi 0 og degi 21. Hlutfall ónæmissvörunar við A/Indónesíu 21 degi eftir gjöf örvunarskammtsins var 92% og 69,2% á degi 180.

Í annarri klínískri rannsókn (D-Pan-H5N1-038) fengu 387 einstaklingar á aldrinum 18-60 ára 1 skammt af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/05/2005, 36 mánuðum eftir að hafa fengið tvo skammta af A/Víetnam/1194/2004. Hlutfall ónæmissvörunar var 100%, hlutfall ónæmissvörunar eftir örvun 99,7% og örvunarþáttur 123,8, gegn A/Indónesía/5/2005 21 degi eftir örvunarbólusetningu.

Aðrar upplýsingar

Sýnt hefur verið fram á að HA-hlutleysandi mótefnasvörun við A/Indónesía/05/2005 framkölluð af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr þessum sama stofni sé sambærileg

við ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004 sem framkölld er með AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr þessum sama stofni. Því eru niðurstöður sem varða AS03-ónæmisglætt bóluefni sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004 taldar hafa þýðingu við notkun á AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem inniheldur 3,75 míkróg HA úr A/Indónesía/05/2005.

Í klínískum rannsóknum, þar sem lagt var mat á á ónæmingargetu AS03-ónæmisglædds bóluefnis, sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1), hjá einstaklingum á aldrinum 18-60 ára, var hemagglútínín (HA)-mótefnasvörun eftirfarandi:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004				
	0, 21 dags áætlun (D-Pan-H5N1-002)		0, 6 mánaða áætlun (D-Pan-H5N1-012)		
	21 degi eftir 1. skammt N=925	21 degi eftir 2. skammt N=924	21 degi eftir 1. skammt N=55	7 dögum eftir 2. skammt N=47	21 degi eftir 2. skammt N=48
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	44,5%	94,3%	38,2%	89,4%	89,6%
Hlutfall mótefnasvörunar ²	42,5%	93,7%	38,2%	89,4%	89,6%
Mótefnasvörunarstuðull ³	4,1	39,8	3,1	38,2	54,2

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq 1:40$;

²hlutfall mótefnasvörunar: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir bólusetningu og hafa verndandi ónæmistítur sem er $\geq 1:40$ eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir bólusetningu og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³mótefnasvörunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastyrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir bólusetningu.

Eftir gjöf tveggja skammta með 21 dags eða 6 mánaða millibili, hafði títri hlutleysandi mótefna í sermi fjórfaldast hjá 96,0% þátttakenda og 98-100% höfðu títra sem voru a.m.k. 1:80.

Þátttakendum í D-Pan-H5N1-002 var fylgt eftir varðandi endingu ónæmissvörunar. Hlutfall ónæmissvörunar 6, 12, 24 og 36 mánuðum eftir fyrsta skammtinn var eftirfarandi:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004			
	6 mánuðum eftir 1. skammt N=256	12 mánuðum eftir 1. skammt N=559	24 mánuðum eftir 1. skammt N=411	36 mánuðum eftir 1. skammt N=387
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	40,2%	23,4%	16,3%	16,3%

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq 1:40$;

Í annarri klínískri rannsókn (D-Pan-H5N1-010) fengu 297 einstaklingar > 60 ára (skipt í aldursbilin frá 61 til 70, 71 til 80 og > 80 ára) stakan eða tvöfaldan skammt af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkróg HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1) á degi 0 og 21. Á degi 42 var HA-mótefnasvörunin eftirfarandi:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004 (D42)					
	61 til 70 ára		71 til 80 ára		> 80 ára	
	Stakur skammtur N=91	Tvöfaldur skammtur N=92	Stakur skammtur N=48	Tvöfaldur skammtur N=43	Stakur skammtur N=13	Tvöfaldur skammtur N=10
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	84,6%	97,8%	87,5%	93,0%	61,5%	90,0%
Hlutfall mótefnasvörunar ²	74,7%	90,2%	77,1%	93,0%	38,5%	50,0%
Mótefnasvörunarstuðull ³	11,8%	26,5	13,7	22,4	3,8	7,7

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40;

²hlutfall mótefnasvörunar: hlutfall einstaklinga sem voru annað hvort sermis-neikvæðir fyrir bólusetningu og hafa verndandi ónæmistíttra sem er $\geq$ 1:40 eftir bólusetningu, eða sem voru sermis-jákvæðir fyrir bólusetningu og hafa títra sem hefur fjórfaldast;

³mótefnasvörunarstuðull: hlutfall meðaltalsmótefnastyrks (geometric mean titre (GMT)) eftir og fyrir bólusetningu.

Þrátt fyrir að viðunandi ónæmissvörun hafi komið fram á degi 42 eftir að gefnir voru tveir stakir skammtar af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkrogr HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1), kom hærri svörun fram eftir tvær gjafir tvöfaldrar skammta af bóluefni.

Mjög takmarkaðar upplýsingar frá sermisneikvæðum einstaklingum > 60 ára (N=5) sýndu að enginn einstaklingur fékk ónæmissvörun eftir gjöf tveggja stakra skammta af AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt 3,75 míkrogr HA úr A/Víetnam/1194/2004 (H5N1). Hlutfall ónæmissvörunar á degi 42 eftir tvær gjafir tvöfaldrar skammta af bóluefni var hins vegar 75%.

Þátttakendum í D-Pan-H5N1-010 var fylgt eftir varðandi endingu ónæmissvörunar. Hlutfall ónæmissvörunar 6, 12 og 24 mánuðum eftir bólusetningu var eftirfarandi:

HA-mótefni	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004					
	6 mánuðum eftir bólusetningu		12 mánuðum eftir bólusetningu		24 mánuðum eftir bólusetningu	
	Stakur skammtur (N=140)	Tvöfaldur skammtur (N=131)	Stakur skammtur (N=86)	Tvöfaldur skammtur (N=81)	Stakur skammtur (N=86)	Tvöfaldur skammtur (N=81)
Hlutfall ónæmissvörunar ¹	52,9%	69,5%	45,3%	44,4%	37,2%	30,9%

¹hlutfall ónæmissvörunar: hlutfall einstaklinga með títra hemagglútínínhindrunar (HI) $\geq$ 1:40

Að auki fjórfaldaðist títur hlutleysandi mótefna hjá 44,8% og 56,1 einstaklinga, í viðeigandi skammtahópum, frá degi 0 til dags 42 og 96,6% og 100% einstaklinga höfðu títra upp á að minnsta kosti 1:80 á degi 42.

Tólf og tuttugu og fjórum mánuðum eftir bólusetningu reyndust títrar hlutleysandi mótefna vera eftirfarandi:

Hlutleysandi mótefni í sermi	Ónæmissvörun við A/Víetnam/1194/2004			
	12 mánuðum eftir bólusetningu		24 mánuðum eftir bólusetningu	
	Stakur skammtur N=51	Tvöfaldur skammtur N=54	Stakur skammtur N=49	Tvöfaldur skammtur N=54
GMT1	274,8	272,0	391,0	382,8
Hlutfall mótefnasvörunar ²	27,5%	27,8%	36,7%	40,7%
≥1:803	82,4%	90,7%	91,8%	100%

¹Geometric Mean Titre = meðaltalsmótefnastyrkur

²4-föld aukning á títra hlutleysandi mótefna

³% einstaklinga sem höfðu títra hlutleysandi mótefna upp á að minnsta kosti 1:80

Upplýsingar úr rannsóknum öðrum en klínískum:

Hæfni til að örva vernd gegn einsleitum og misleitum bóluefnastofnum var metin á annan hátt en klínískan með sýklaáreitislíkönunum í frettum (dýr af marðarætt) (ferret challenge model).

Í hverri tilraun voru fjórir hópar með sex frettum hver, sem voru bólusettir í vöðva með AS03-ónæmisglæddu bóluefni sem innihélt HA úr H5N1/A/Víetnam/1194/04 (NIBRG-14). Í einsleita sýklaáreitisprófinu voru notaðir skammtar með 15, 5, 1,7 eða 0,6 míkrog af HA og í misleita sýklaáreitisprófinu voru notaðir skammtar með 15, 7,5, 3,8 eða 1,75 míkrog af HA. Í samanburðarhópnum voru frettur sem höfðu verið bólusettar með ónæmisglæði eingöngu, bóluefni án ónæmisglæðis (15 míkrog HA) eða saltlausn með fóstastuðpúða. Frettur voru bólusettar á degi 0 og 21 og áreittar með sýklum í barka á degi 49 með banvænum skammti af annaðhvort H5N1/A/Víetnam/1194/04 (NIBRG-14) eða misleitu H5N1/A/Indónesía/5/05. Af dýrunum sem fengu bóluefni með ónæmisglæði voru 87% vernduð gegn banvænu einsleitu sýklaáreiti og 96% gegn misleitu sýklaáreiti. Dreifing veira um efri hluta öndunarvegs var einnig minni í bólusettum dýrum miðað við samanburðardýr, sem bendir til minni hættu á veirusmiti. Í samanburðarhópnum sem fékk ekki ónæmisglæði og samanburðarhópnum sem fékk ónæmisglæði dóu öll dýrin eða þeim þurfti að lóga þar sem þau voru dauðvona þremur til fjórum dögum eftir að sýklaáreiti hófst.

5.2 Lyfjahvörf

Á ekki við.

